



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Selfossi, 17. nóvember 2010

1010005SA PH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/292
komudagur 18.11.2010

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhita, 77. mál.

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 12. nóvember sl. var tekið fyrir erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 27. október 2010, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhita. Eftirfarandi umsögn var samþykkt:


„Áætlunin felur í sér skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu verður sveitarfélögum skylt að setja inn á skipulag virkjanakosti sem eru í nýtingarflokki, án tillits til vilja sveitarstjórna og íbúa svæðanna. Þá er ekki gert ráð fyrir að sveitarfélögin hafi heimild til að setja inn virkjanakosti sem kunna að skapast við nýjar aðstæður. Tryggja þarf feril slíkra mála og finna þeim leið inn í nýtingarflokk sé virkjanakostur talinn álitlegur.

Einnig er gerð athugasemd við það ákvæði frumvarpsins sem kveður á um verndar- og nýtingaráætlun taki ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði. Megintilgangur frumvarpsins er að meta á heildstæðan hátt alla virkjunarkosti sem til staðar eru og því er umrætt ákvæði í mótsögn við þann megintilgang. Gagnlegt hýtur að teljast þegar ákvörðun um friðlýsingu er tekin að sem fyllstar upplýsingar liggja fyrir um viðkomandi svæði.

Að öðru leyti er tekið undir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 12. ágúst sl.”

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri